

## Framlög til verkefna á sviði almenningsgangna

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 vegna verkefna sem tengjast aðgerð *A.10 Almenningsgangur um land allt*. Markmiðið er að styðja við þróun almenningsgangna, sérstaklega út frá byggðalegum sjónarmiðum.

Til ráðstöfunar verða allt að 32,5 m.kr. Styrkupp hæð getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefni og skal verkefnum lokið fyrir árslok 2021.

Styrkhæf verkefni geta verið tengd:

- Þjónustu. Verkefni sem snúast um að samþætta almenningsgangur annarri þjónustu eða breytingum á rekstrarformi, s.s. deililausnum og samflutningum.
- Markaðsmálum. Markaðsátak sem miðar að því að bæta nýtingu á núverandi þjónustu. Getur verið í ýmsu formi og beinst að mismunandi hópum.
- Rannsóknnum og þróun. Verkefni sem miða t.d. að nýsköpun í þjónustu.

Veitt verða framlög til verkefna:

- Sem nýtast einstökum svæðum eða byggðalögum innan landshlutans
- Sem nýtast landshlutanum í heild
- Sem nýtast landinu öllu

Við forgangsröðun umsókna verður litið til verkefna sem styðja við:

- [Ferðumst saman](#). Heildarstefnu í almenningsgangum milli byggða.
- Byggðasjónarmið og áherslur sem fram koma í [stefnumótandi byggðaáætlun](#).
- Önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi svæðis eða landshluta.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun. Þá skal koma fram mat á væntum áhrifum verkefnisins m.t.t. aðgengis íbúa, notkunar þjónustunnar eða annarra þátta sem stuðla að bættum almenningsgangum.

Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlag vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir því í umsókn.

Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir **miðnætti 9. ágúst 2020**.

Þriggja manna valnefnd gerir tillögur til ráðherra um veitingu framlaga til verkefna á grundvelli úthlutunarskilmála. Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggja fyrir í byrjun september 2020. Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.

Nánari upplýsingar veitir Árni Freyr Stefánsson í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.